

Samtök um kvennalista  
Austurstræti 16,  
101 Reykjavík.

Kvennalistinn er hréyfiing sem er sprottin af þörf kvenna til að hafa áhrif á samfélag sitt. Með því að stofna sérstakan Kvennalista og gerast sporgöngukonur íslenskra baráttukvenna fyrr á öldinni sköpuðu íslenskar konur sér frelsi til pólitískrar þátttöku án þess að taka gild hefðbundin sjónarmið um það hvernig pólitík ætti að vera. Hugmyndafræði okkar og starfsaðferðir voru samofnar draumi okkar um betri heim þar sem allar manneskjur fengju hluta af valdinu til að móta umhverfi sitt. Við litum á það sem óþroskaðan barnaskap að taka ákvarðanir sem byggðu á því að meirihlutinn kúgaði minnihlutann. Í stað þess lögðum við áherslu á það sem sameinaði okkur við að taka ákvarðanir sem byggðu á valddreifingu, langtímamarkmiðum og heildarsýn.

Ákvörðun Kvennalistans um að hefja viðræður við Alþýðubandalag, Alþýðuflokk og aðra hópa um sameiginlegan málefna grundvöll fyrir Alþingiskosningar vorið 1999 var tekin gegn vilja margra kvenna sem hafa átt stóran þátt í að gera Kvennalistann að því stjórn málafla sem gerir hann svo eftirsóttan nú. Með samþykktinni á Úlfljótsvatni hefur Kvennalistinn horfið frá því að skilgreina sig sjálfur sem nýja vídd í stjórn málum en tekið sér stöðu með vinstri flokkunum.

Sú sérstaða Kvennalistakvenna að geta gengið léttstígar um pólitísk landsvæði án þess að lokast inn í björgum staðnaðra kerfa er horfin og Kvennalistinn hefur gengið til liðs við þau öfl sem við gerðumst andófsafl við fyrir um það bil fimmtán árum. Hugsjónir Kvennalistans, vinnubrögð og markmið verða hins vegar ekki færð inn í hefðbundin flokkakerfi og því er það trú mín að það verði nafnið tómt sem konurnar taka upp úr farangrinum þegar þær koma til viðræðna við félagshyggjuflokkana.

Við síðustu Alþingiskosningar skipaði ég fjórða sæti á lista Kvennalistans í Reykjavík. Frá upphafi hef ég tekið þátt í að móta hugmyndafræði okkar og stefnu og ætíð verið stolt af því að vera Kvennalistakona. Ég treysti mér hins vegar ekki lengur til að vera málsvari samtakanna og segi mig hér með úr Kvennalistanum.

Reykjavík 19. nóvember 1997

*María Jóhanna Lárusdóttir*  
María Jóhanna Lárusdóttir